

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, apríl 1997.

F.h. Tónlistarfélagsins í Reykjavík,

Baldvin Tryggvason, formaður, fulltrúi Tónlistarfélagsins í Reykjavík
Rut Ingólfsdóttir, fulltrúi borgarstjórans í Reykjavík
Þráinn Þorvaldsson, fulltrúi menntamálaráðherra

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. febrúar 1998.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

3. mars 1998

Nr. 143

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Neskaupstað árið 1998.

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1998 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald	4 500 kr. á hverja tunnu.
Sorpeyðingargjald	3 500 kr. á hverja tunnu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til að gilda fyrir árið 1998.

Umhverfissráðuneytinu, 3. mars 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.